

Fundur íbúaráðs Kjalarness 10. nóvember: Erindi íbúaráðs Kjalarness til Vegagerðarinnar og skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar um þjónustu Strætó í Kollafirði.

Í sumar var stoppistöð á leið 57 lögð niður við Esjurætur. Ákvörðunin kemur mjög illa við íbúa í Kollafirði sem og aðra sem eiga leið að Esjunni.

Nú er næsta stoppistöð við Esjumela, en þangað eru um 700-1000 metrar. Hvorki er göngu- né hjólaleið frá Esjurótum að stoppistöðinni. Nú þarf að ganga á mjög þröngum vegkanti meðfram Vesturlandsvegi þar sem umferðin er mikil, mjög hröð og fjöldi flutningabíla. Þess utan er engin götulýsing er á þessum vegarkafli.

Íbúaráð Kjalarness skorar á Vegagerðina, Strætó bs. og Reykjavíkurborg að taka eldri stoppistöð við Esjurætur í gagnið að nýju. Sé það ekki möguleiki, er óskað eftir því að öryggi notenda verði tryggt með lagningu göngustígs á milli eldri stoppistöðvar og stoppistöð á Esjumelum.

Svara er óskað frá Vegagerðinni og skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar um hvort standi til að taka umrædda stoppistöð við Esjurætur í notkun að nýju eða hvort til standi að leggja göngustíg frá Esjumelum að Esjurótum.